

Nýnemaferðin

Síðastliðinn föstudag buðu eldri nemendur skólans nýnemana velkomna í skólann með sínum hætti. Rétt fyrir hádegi gengu efribekkingar í stofur og söfnuðu nemendum saman með miklum látum og gáfu til kynna að þeir mættu eiga á öllu von. Það reyndist hjóm eitt því þegar í rútnar var komið rann allur móður af efribekkingum og við tók söngur og glens. Á Stokkseyri var slegið á léttu strengi og farið í ýmsa leiki. Þrátt fyrir að veðrið léki ekki við nemendur kom það ekki að sök því nemendur mættu almennt vel útbúnir að heiman.

Þegar degi tók að halla var haldin kvöldvaka sem skemmtinefnd nemendafélagsins stýrði en nýnemar sáu sjálfir um að skemmta hver öðrum með ýmsum atriðum fram undir miðnætti. Það var framlágur en samstilltur hópur Verzlinga sem lagði í heimferð á laugardagsmorgni í lítið eitt rökum skófatnaði. Er það von okkar að hér hafi nemendur hnýtt fyrstu hnútana á vináttubönd sem endast alla ævi.



Gestir frá Eistlandi

Evrópsk vika verður hjá 5.-B og hluta af 5.-A dagana 11.-18. september. 25 Eistar frá menntaskóla í Tallinn ásamt tveimur kennurum eru í heimsókn hjá þeim. Í verkefnum sem þessum dvelja gestirnir inni á heimilum gestgjafanna og kynnast þannig betur menningu og þjóð.

Þetta verkefni hófst síðastliðið vor þegar íslensku nemendurnir fóru til Tallinn ásamt tveimur kennurum og dvöldu þar í viku. Nú eru Eistarnir að endurgjalda heimsóknina og eru nemendur að vinna að verkefninu „Við erum ólík en samt svo lík“ sem er samanburður á lífi ungs fólks í Eistlandi og á Íslandi. Miðað er við að nemendur á félagsfræðabraut taki þátt í a.m.k. einu Evrópuverkefni á meðan skólagöngu þeirra stendur.

Safnað fyrir brunni

GVÍ er góðgerðafélag nemenda í Verzlunarskólanum og hefur stafað í þrjú ár. Fyrsta starfsárið söfnuðu nemendur peningum sem notaðir voru til að byggja skóla í samvinnu við ABC barnahjálpi í Úganda og heitir hann „Litli Versló“. Í vetur ætla nemendur að safna fyrir brunni við „Litla Versló“ og verða ýmsar fjárflokkarleiðir farnar í þeim efnum. Í síðustu viku var seldur ís frá Ísbúð Vesturbæjar á Marmaranum til styrktar þessu málefni og var honum vel tekið. Við munum halda áfram að flytja fréttir af þessu flotta verkefni nemenda enda erum við mjög stolt af þeim.



Pekkingarkönnun

Dagana 2., 3. og 4. september voru þekkingarpróf lögð fyrir nemendur úr námsefni 10. bekkjar í stærðfræði, íslensku og ensku. Kennarar hér við skólann sömdu prófin og höfðu námsefni grunnskólanna til hliðsjónar. Próf sem þessi hafa gjarnan verið lögð fyrir

nemendur í upphafi skólagöngu hér, t.d. í dönsku og stafsetningu, en aldrei með jafn markvissum hætti og nú var gert. Megintilgangurinn er að búa okkur til mælikvarða á kunnáttu nýnema í upphafi skólaárs þar sem þeir gengust ekki undir samræmd próf í 10. bekk.

Heildarniðurstöður úr þeim verða ekki gerðar opinberar en nemendur fá sínar einkunnir þegar þær liggja fyrir. Niðurstöður úr prófunum munu ekki hafa áhrif á frekari skólagöngu nemendanna.

Nýnemadansleikur á Broadway

Nemendafélagið stendur fyrir nýnemadansleik fimmtudaginn 17. september frá kl. 21.00 – 01.00. Nýnemadansleikurinn er einn af stærri dansleikjum vetrarins og eru seldir 1500 miðar á hann. Flestir

bekkir hittast fyrir um kvöldið og beinum við þeim tilmælum til foreldra og forráðamanna að leyfa hvorki eftirlitslaus party né meðferð áfengis. Undanfarið hafa dansleikir okkar farið mjög vel fram og

nemendur skemmt sér konunglega og verið til fyrirmyndar í alla staði. Skóli hefst klukkan 8:10 eða samkvæmt stundaskrá á föstudaginn.